



14. febrúar 2019  
1902050

## Ákvörðun seðlabankastjóra nr. 1325

### Stofnun greiðsluráðs

Með ákvörðun þessari stofnar Seðlabanki Íslands sérstakt *greiðsluráð*. Er því ætlað að vera samráðsvettvangur stjórnvalda, markaðsaðila og annarra haghafa um málefni greiðslumiðlunar og fjármálainnviða í víðum skilningi. Markmiðið með ráðinu er að stuðla að viðeigandi undirbyggingu stefnumótunar í málaflokknum á Íslandi. Í störfum greiðsluráðs skulu sjónarmið um öryggi, virkni og hagkvæmni í allri greiðslumiðlunarkeðjunni einkum höfð að leiðarljósi.

Seðlabanki Íslands fer með formennsku í greiðsluráði og annast praktískt utanumhald, þ.m.t. undirbúning funda, ritun fundargerða, umsjón með vefsíði tileinkuðu ráðinu á vefsíðu bankans o.s.frv.

Aðild að greiðsluráði er valkvæð en við stofnun ráðsins er eftirtöldum gefinn kostur á að tilnefna þar fasta fulltrúa; Fjármálaeftirliti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Neytendastofu, Reiknistofu bankanna hf., Samkeppniseftirliti, Samtökum fjármálfyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtökum verslunar og þjónustu og Viðskiptaráði Íslands.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri